

skiftaréttar Árnassýslu í máli þessu. Málskostnaður fyrir undirrétti og yfirdómi falli niður.

Áfrýjandi, Páll Jónsson yfirréttarmálaflutningsmaður, greiði sekt, 10 kr. til landssjóðs og 10 kr. í fátækra sjóð Reykjavíkur, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 11. desember 1916.

Nr. 55/1916.

Þórður Bjarnason

gegn

Jes Zimsen fyrir hönd
h. f. P. J. Thorsteins-
son & Co. í likvidation.

D ó m u r :

Mál þetta var í héraði dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 15. júní þ. á. með þeim úrslitum, að svo framfarlega sem áfrýjandi Þórður Bjarnason umboðssali eftir löglegan undirbúning ynni eið að því á varnarþingi sínu, að hann hafi verið ráðinn hjá Godthaabs-verzlun með árs uppsagnarfresti, skyldi stefndi Jes Zimsen kaupmaður fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thorsteinsson & Co. í likvidation, greiða honum 1500 kr. með 6% ársvöxtum frá 1. febr. 1915 til borgunardags. En treysti áfrýjandi sér eigi til að

vinna eiðinn, skyldi stefndi vera sýkn af kröfum hans í þessu máli. Málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum bæjarþingsdómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins, með stefnu, dags. 18. sept. þ. á., og gert þær sömu kröfur og fyrir bæjarþinginu, en þær voru, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2766 kr. 67 auru með 6% ársvöxtum frá 1. febrúar 1915 til borgunardags og málskostnað að skaðlausu. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir yfirdómi. Til vara krefst hann að dómurinn verði staðfestur. — Stefndi krefst hins vegar fullrar sýknunar af öllum kröfum áfrýjanda og málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Fjárkrafa sú, er mál þetta er risið af, er kaupgjald eða laun áfrýjanda sem verzlunarstjóra hins stefnda hlutafélags í Reykjavík árin 1912, 1913 og 1914 og fyrsta mánuð ársins 1915, en laun sín fyrir þessi ár telur áfrýjandi vanreiknuð um hina umstefndu upphæð.

Málavextir eru þeir, að í nóvembermánuði 1905 gerðist áfrýjandi verzlunarstjóri verzlunarinnar Godthaab í Reykjavík samkvæmt munnlegum samningi við eiganda hennar. En árið 1907 var hætt að reka verzlunina með því nafni og hvarf hún inn í hið stefnda hlutafélag, P. J. Thorsteinsson & Co., sem þá var stofnað, þannig að eigandi hennar gerðist hluthafi í félaginu og framkvæmdarstjóri þess, og lagði í það verzlunina með öllu því, er henni fylgdi; þá gengu og í þjónustu félagsins ýmsir af starfsmönnum verzlunarinnar, þar á meðal áfrýjandi, með sömu

flannakjörum, að því er ætla verður, sem verzlunin hafði heitið þeim.

Fyrsta árið, 1906, sem áfrýjandi var við Godthaabs-verzlun, fekk hann í kaup 2000 kr., en síðan hækkaði það um 200 kr. á ári til 1911, er það var orðið 3000 kr., og það kaup, 3000 kr., var honum og goldið árin 1912 og 1913. En í janúarmánuði 1914 var áfrýjanda sagt upp stöðinni með 6 mánaða fyrirvara og greitt fyrir það ár 7 mánaða kaup miðað við 3000 kr. árskaup eða 1750 kr.

Málssókn þessa byggir áfrýjandi á því, að það hafi verið samningur hans og eiganda Godthaabs-verzlunar Thor Jensens kaupmanns, að áfrýjandi skyldi fá launahækkun eftir 1906 200 kr. ár hvert, meðan hann væri í þjónustu verzlunarinnar, og þann samning hafi félagið viðurkennt og staðfest með því að greiða honum laun, hækkandi um 200 kr. á ári til 1911, en eftir það hafi félagið brugðið samningnum með því að greiða honum að eins sömu launin, 3000 kr., 1912 og 1913, og telur hann sig því vanhaldinn um 200 kr. og 400 kr. fyrir þessi ár. Ennfremur segir áfrýjandi, að svo hafi verið umsamið milli þeirra Thor Jensen, að áfrýjanda yrði eigi sagt upp stöðunni með styttri fyrirvara en ársfresti, og og hafi honum því borið uppsagnarfrestur frá félaginu til janúar 1915 og kaup fyrir alt árið 1914, 3600 kr., en hann hafi að eins fengið 1750 kr., sem fyr segir svo að félagið eigi honum vangoldnar 1850 kr. fyrir það ár og loks eigi hann tilkall til launa fyrir janúarmánuð 1915, miðað við 3800 kr. árslaun eða 316 kr. 67 aur. Verða þessar upphæðir, kr. 200.00

+ kr. 400.00, + kr. 1850.00, + kr. 316.67, samtals 2766 kr. 67 aur., sem er dómkrafa áfrýjanda.

Áfrýjandi hefir til stuðnings skýrslu sinni um að svo hafi verið umsamið milli hans og Thor Jensens sem að framan segir, borið fyrir sig yfirlýsingu frá Thor Jensen, er kemur heim við skýrslu áfrýjanda. Er yfirlýsing þessi gefin út 23. sept. 1913, nokkru eftir að Thor Jensen gekk úr stjórn hlutafélagsins og hætti að vera framkvæmdarstjóri þess hér, og verður hún því eigi skoðuð sem staðfesting af félagsins hálfu eða viðurkenning á ráðningarskilmálum þeim, er áfrýjandi heldur fram, en að eins sem vottorð um munnlegan samning milli áfrýjanda og verzlunarinnar Godthaab. Um uppsagnarfrestinn heldur áfrýjandi því fram, að það sé föst venja hér, er verzlunarstjórar eigi hlut að máli, að þeim sé eigi ætlaður styttri frestur en ársfyrirvari.

Af hálfu hlutafélagsins er því eigi nægilega mót-mælt, að áfrýjandi hafi átt að sitja við sömu launakjör hjá félaginu eins og hann hafði hjá verzluninni Godthaab.

En því er haldið fram, að hann í rauninni hafi eigi verið verzlunarstjóri, hann hafi að eins verið nefndur svo, en eigi haft á hendi venjuleg verzlunarstjórstörf og eigi borið ábyrgð á rekstri og reikningsskap verzlunarinnar. En þetta virðist hér engu máli skifta, þar sem svo verður á að lita, að úrslitin velti á því einu, hvort áfrýjanda hafi verið heitið þeim kjörum hjá Godthaabs-verzlun, er hann byggir kröfur sínar á, og teljast verða bindandi fyrir félagið, ef þau álitast sönnuð.

Stefndi hefir mótmælt yfirlýsingu Thor Jensens og lýst hana ranga, bæði umsögninni um launahækkun, frekari en áfrýjandi hefir fengið, og um uppsagnarfrestinn, og hann heldur því fram, að hámark launanna hafi átt að vera 3000 kr.

Nefnd yfirlýsing er eigi sönnun fyrir því, að skýrsla áfrýjanda um ráðningarskilmálana sé rétt, og það verður eigi álitid að hún heimili að áfrýjanda sé leyft að staðfesta nefnda skýrslu sína með eiði. Af hendi áfrýjanda eru eigi heldur komnar fram aðrar skýrslur eða rök, er sýni að samningurinn við verzlunina hafi verið sá, er hann heldur fram. Þannig verður eigi ráðið af því, að félagið hélt áfram að greiða áfrýjanda hækkandi laun til 1911, að það hafi viðurkent að hann ætti tilkall til sömu hækkunar áfram um óákveðinn tíma. Hins vegar bendir það í gagnstæða átt, að Thor Jensen, sem var framkvæmdarstjóri félagsins 1912, galt áfrýjanda það ár aðeins 3000 kr. laun, en það fer í bág við yfirlýsingu hans, ef hana ber að skilja svo, að launahækkunin hafi átt að haldast lengur en til 1911, og að áfrýjandi virðist enga alvarlega gangskör hafa gert að því að fá leiðréttingu á launagreiðslunni.

Af stefnda hálfu er því mótmælt að hér hafi skapast nein venja um það, að verzlunarstjórum bæri árs uppsagnarfrestur, er þeim er sagt upp stöðunni, og áfrýjandi hefir eigi sannað að nein slík réttarvenja sé hér til. Þar sem það nú eigi heldur er sannað, að samið hafi verið um neinn ákveðinn fyrirvara, verður uppsagnarfrestur sá, 6 mánuðir, er áfrýjandi fekk hjá stefnda, eigi talinn óhæfilega

stuttur eftir ástæðum. Og að því sérstaklega at-
huguðu, sem viðurkent er í málinu, að áfrýjanda bar
eigi að gera nein reikningsskil.

Með því að kröfur áfrýjanda samkvæmt framan-
sögðu álitast eigi sannaðar né nægilega rökstuddar
verða þær eigi teknar til greina til breytingar á
hinum áfrýjaða dómi. — Með því nú að málinu hefir
eigi verið gagnáfrýjað, verður eigi hjá því komist
að taka varakröfu áfrýjanda til greina og staðfesta
bæjarþingsdóminn, einnig málskostnaðarákvæði hans.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að áfrýjandi
greiði stefnda málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst
30 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði bæjarþingsdómur skal vera
óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Bjarnason, greiði stefnda,
Jes Zimsen, fyrir hönd hlutafélagsins P. J. Thor-
steinsson & Co. í likvidation 30 kr. í málskostna-
að fyrir yfirdómi.

Dómi þessum ber að fullnægja áður liðnar séu
8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri
laga-aðför.